



## Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 6. febrúar 2024 klukkan 17:00.

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir, Íva Rut Viðarsdóttir og Einar Gíslason.

### 1. Dagur reiðmennskunnar og Stórsýning Fáks

Hólaskóli hefur hug á að koma og vera með sýnikennslu á Degi reiðmennskunnar eins og undanfarin ár. Stjórn felur Vigdís og Vilfríði að huga að dagskrá Dags reiðmennskunnar. Rætt verður við Friðfinn og Þóri um að koma að skipulagningu kvöldsýningarinnar.

### 2. Reiðhallir

Formaður sat fund með handhöfum reiðhallarlóðar norðan félagsheimilis og aðila sem selur hús sem henta undir reiðhallir. Eru þessi mál í góðum farvegi.

### 3. Erindi frá Golfklúbbi Reykjavíkur vegna Korpúlfsvallar

GR hefur óskað eftir því að fá að malbika við hlið reiðleiðar á um 650 metra kafla við golfvöllinn á Korpúlfsstöðum. Framkvæmdastjóri er búinn að vera í sambandi við formann reiðveganefndar Fáks, Hákon Hákonarson hjá Herði, Halldór Halldórsson hjá Herði og Sæmund Eiríksson hjá Herði.

Ljóst er að um mjög fáfarinn reiðveg er að ræða og eftir að hafa rætt málin í tölvupóstum eru menn ásáttir um ákveðna skilmála sem er að finna í tillögu framkvæmdastjóra að bókun undir þessum lið. Eftirfarandi tillaga er borin upp fyrir stjórn:

*Fákur leggst ekki gegn fyrirhuguðum framkvæmdum GK með þeim fyrirvara um að tryggt verði að við hlið malbikaða stígsins verði að lágmarki 1,5 metra breiður reiðstígur við brúna og 2 metrar annarsstaðar með jöfnu og góðu undirlagi og að framkvæmdir séu með samþykki skipulagsyfirvalda í Reykjavík.*

Samþykkt samhljóða.



#### 4. Erindi frá æskulýðsdeild Svisshóla Gmbh.

Erindi barst frá Svisshólum Gmbh um að styrkja æskulýðsstarf Fáks er snýr að börnum á aldrinum 8 til 13 ára. Upphæð styrksins getur orðið allt að 600.000 krónur.

Hugmynd styrkjanda er að búa til lið í kringum börn sem eru virk í hestamenskunni og styrkja þau um reiðkennslu, námskeið og keppni. Börnin myndu hittast reglulega og æfa saman undir leiðsögn reiðkennara.

Fyrirkomulagið væri þannig að börnum er boðið í hópinn, ekki er hægt að skrá börn í hópinn eins og á hefðbundnum námskeiðum.

Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari myndi leiða starfið ásamt Lilju Ósk Alexandersdóttur, Börlu Isenbügel og Hennu Sirén.

Sem fyrsta verk er hugmynd um að fá reiðkennara sem er þekktur fyrir óhefðbundnar æfingar til að hitta krakkana og sýna þeim hvernig er hægt að nálgast hestana á mismunandi máta.

*Með kveðju,*

Barla Isenbügel  
Svisshólar GmbH

8606 Greifensee  
Sviss

---

Stjórn þakkar fyrir styrkinn og samþykkir hann með þeim skilyrðum sem koma fram í bréfinu. Óskað verður eftir samtali við hópinn.

#### 5. Bréf frá fyrrum gjaldkera til stjórnar

Stjórn hefur borist bréf frá Ólöfu Guðmundsdóttur fyrrum gjaldkera vegna athugasemda sem hún gerir við bókhald félagsins. Framkvæmdastjóri fer yfir sín sjónarmið við þessar athugasemdir.

*Framkvæmdastjóri vikur af fundi eftir að hafa kynnt sín sjónarmið við athugasemdum fyrrum gjaldkera.*

Formanni er falið að heyra í fyrrum gjaldkera, Hlíf Sturludóttir, sem kom að uppsetningu kerfisins og óska eftir aðstoð hennar til að fara yfir þau atriði sem athugasemdir Ólafar fjalla um.

Eftir skoðun á bókhaldinu verður í framhaldinu boðað til fundar með stjórn og skoðunarmönnum vegna fjárhagsársins 2023.

***Sökum þess að nokkrir stjórnarmenn þurfa að mæta annað er fundi frestað 18:15 til föstudagsins 9. febrúar.***



**Framhaldsfundur 9. febrúar klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilfriður Fannberg Sævarsdóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir og Einar Gíslason.

**6. Öryggiskerfi**

Farið yfir kosti og galla þess að bæta við myndavélakerfið. Framkvæmdastjóra er falið að tala við rafvirkja um að bæta við öryggismyndavélum á útisvæði við reiðhöllina, við félagsheimili og innanhúss í félagsheimili.

**7. Ávöxtun á innistæðum**

Rætt er um að ávaxta innistæður á bankareikningum á betri kjörum. Gjaldkera er falið að skoða ávöxtunarkosti og færa innistæður á ávöxtunarreikninga.

**8. Kaup á félagsjökkum**

Rætt er um kaup á félagsjökkum til leigu eða sölu fyrir félagsmenn. Pantanir á mátunardegi voru undir því lágmarki sem framleiðandi gerir kröfu um.

Gerð er tillaga um að kaupa það sem upp á vantar og er það samþykkt af stjórn.

Þá er samþykkt að kaupa derhúfur og húfur til að selja og mun æskulýðsdeild fá ágóða af sölnni.

**9. Veitingasala á viðburðum**

Stjórn ákveður að bjóða æskulýðsdeild Fáks að nýta veitingasölu á Meistaradeild Æskunnar til fjáröflunnar. Fákur mun kaupa aðföng í veitingasöluna og öll sala rennur beint til æskulýðsdeildarinnar.

Stjórn hvetur aðstandendur æskulýðsdeildar til að hafa samband við fyrirtæki og fá aðföng til að selja í veitingasölu.

**Fundi slitið 17:45**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason og Sigrún Valdimarsdóttir**